

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. mars 2022
Tilvísun: 202202-0013
SS/IAS

Efni: Umsögn um veitingu nýtingarleyfis á jarðhita við Kaldárholt, Rangárþingi ytra.

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 9. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita við Kaldárholt í Rangárþingi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsókninni. Um er að ræða áframhald og aukning á nýtingu tveggja borhola sem hafa verið notaðar um langt skeið. Engin gögn um niðurdrátt fylgdu umsókninni en miðað við upplýsingar frá Orkustofnun hefur vatnsyfirborð í annarri þeirra verið stöðugt en upplýsingar eru glöppóttar fyrir hina holuna. Nýtingaraðili telur að engar vísbendingar séu um langtímaniðurdrátt í jarðhitakerfinu.

Sótt er um leyfi fyrir vinnslu sem er svipuð en þó aðeins meiri en í þeirri nýtingu sem nú er til staðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að bæta vöktun á niðurdrætti til að tryggja að þessi aukning sé áfram sjálfbær, sérstaklega ef nýtingarleyfið á að gilda eins lengi og umsóknin óskar eftir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands

